

**Viljayfirlýsing
milli
Ríkisstjórnar Íslands
og
Norðurþings
og
Skútustaðahrepps
og
Þingeyjarsveitar**

Viljayfirlýsing þessi, dagsett 22. október 2009 milli:

Ríkisstjórnar Íslands, en fulltrúi hennar er iðnaðarráðherra, með skrifstofur í Arnarhvoli, Lindargötu, 150 Reykjavík,

og

Norðurþings, en fulltrúi þess er sveitarstjóri Norðurþings,

og

Skútustaðahrepps, en fulltrúi hans er sveitarstjóri Skútustaðahrepps,

og

Þingeyjarsveitar, en fulltrúi hennar er sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

fjallar um samstarf aðila á sviði orkurannsókna, orkunýtingar og atvinnuuppbyggingar í Þingeyjarsýslum.

Inngangur

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að nýta jarðvarma í Þingeyjarsýslum til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Með viljayfirlýsingu þessari er stefnt að því að skapa þær aðstæður að þann 1. október 2010 verði allri nauðsynlegri forvinnu lokið þannig að unnt verði að ganga til samninga við stóran orkukaupanda / orkukaupendur um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum.

Samstarf um atvinnuuppbyggingu

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að velja einn eða fleiri trausta, ábyrga og fjárhagslega sterka aðila til samstarfs um atvinnuuppbyggingu sem byggir á hagnýtingu orkunnar frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum. Lögð verði áhersla á að orkan sem er að finna á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum verði nýtt til að skapa nokkur hundruð bein varanleg störf í Þingeyjarsýslum.

Undanfarin þrjú ár hafa Norðurþing, Ríkisstjórn Íslands og Alcoa Inc. unnið að undirbúningi álvers á Bakka við Húsavík. Formleg samstarfsyfirlýsing þessara aðila tók gildi 16. maí 2006 en rann út 1. október 2009. Alcoa er ekki aðili að viljayfirlýsingu þessari en er eftirleiðis jafnsett öðrum mögulegum samstarfsaðilum um afnot orkunnar.

Verkefnisstjórn

Skipuð verður verkefnisstjórn sem mun bera ábyrgð á leit að öðrum mögulegum samstarfsaðilum um atvinnuuppbyggingu. Í verkefnisstjórninni munu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi þ.e. Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit, einn frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, einn frá iðnaðarráðuneytinu / Fjárfestingarstofu, einn frá Þeistareykjum ehf. og einn frá Landsvirkjun. Verkefnisstjórnin skal ljúka fyrstu athugun á mögulegum samstarfsaðilum fyrir 1. apríl 2010 og nýta svo tímann til 1. október 2010 til nánari viðræðna og samningagerðar við þá sem til greina koma.

Verkefnisstjórn mun setja sér verklagsreglur um hvernig val á samstarfsaðla /samstarfsaðilum verði háttað og með hvaða hætti gengið verði til samninga við orkukaupanda / orkukaupendur.

Undirbúningur

Aðilar samkomulagsins eru meðvitaðir um að ljúka þarf ýmsum rannsóknum og undirbúningsvinnu til að skapa þær aðstæður að hægt verði þann 1. október 2010 að ganga til samninga um uppbyggingu á svæðinu. Helstu verkefni sem ljúka þarf eru eftirfarandi:

- Ljúka orkurannsóknum á Þeistareykjasvæðinu með því að bora þrjár rannsóknarholur sumarið 2010, til viðbótar þeim sex holum sem fyrir eru.
- Ljúka rannsóknum og umhverfismati vegna nýrra virkjana við Þeistareyki, Kröflu og Bjarnarflag (Landsvirkjun vinnur að þessu nú þegar, sem hluta af sameiginlegu umhverfismati).
- Ljúka umhverfismati á háspennulínunum í samræmi við „Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum“, frá Þeistareykjum, Kröflu og Bjarnarflagi (Landsnet vinnur að þessu nú þegar sem hluta af sameiginlegu umhverfismati).
- Ljúka undirbúningi stórskipahafnar á Húsavík, sem tekur mið af þörfum viðkomandi starfsemi.
- Ljúka gerð deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka við Húsavík til samræmis við aðalskipulag Norðurþings og annarra svæða sem til greina koma og þarfir þess/þeirra verkefnis/verkefna sem stefnt er að.
- Aðilar eru sammála um nauðyn þess að tryggja vinnuframlag og fjármagn til að meta þá kosti sem kunna að koma á borð verkefnisstjórnar.

Sveitarfélögin Norðurþing, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit (þá einnig Aðaldælahreppur) samþykktu í nóvember 2007 Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Skipulagsstofnun afgreiddi svæðisskipulagið þann 4. janúar 2008 og umhverfisráðherra staðfesti svæðisskipulagið þann 16. janúar 2008. Orkurannsóknir og vinnsla taka mið af þeim svæðum sem þar eru skilgreind.

Leiðarljós við svæðisskipulagsvinnuna var svohljóðandi: „Í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum skal lögð áhersla á sjálfbæra orkuöflun og að við virkjun og mannvirkjagerð alla verði tekið tillit til umhverfis og landslags, sjónarmiða um náttúruvernd og útivistargildi svæðisins svo og samfélagslegs ávinnings og hagkvæmni í orkuvinnslu.“

Félag um orkurannsóknir

Verulegs fjár er þörf til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, þannig að hægt verði að staðfesta afkastagetu þeirra.

Aðilar munu beita sér fyrir að stofnað verði nýtt félag sem hafi það meginmarkmið að afla fjár til að ljúka áðurnefndum orkurannsóknum. Hluthafar félagsins verði lífeyrissjóðir, aðrir fagfjárfestar, Landsvirkjun, iðnfyrirtæki og mögulega sveitarfélögin á svæðinu. Gert er ráð fyrir að hlutabréf nýja félagsins geti gengið kaupum og sölum en hluthafar hafi forkaupsrétt.

Á Þeistareykjum hafa Þeistareykir ehf. rétt til orkuvinnslu og hefur félagið látið bora þar sex rannsóknarholur. Til að staðfesta orkugetu svæðisins er talið nauðsynlegt að bora þrjár rannsóknarholur til viðbótar sumarið 2010. Auk þess er nauðsynlegt að endurfjármagna hluta af lánnum og skuldum Þeistareykja ehf. sem hafa fallið til vegna fyrri framkvæmda. Hluthafar Þeistareykja ehf. eru Landsvirkjun, Norðurþing og Norðurorka, hver með 31,97%, og Þingeyjarsveit með 4,09%. Á öðrum háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum hefur Landsvirkjun rétt til orkurannsókna og sums staðar einnig vinnslu.

Samningar um nýtingu auðlinda

Aðilar þekkja til hugmynda og umræðu í tengslum við starf nefndar forsætisráðuneytisins sem meðal annars er ætlað að fjalla um meðferð og leigu orkulinda í eigu ríkisins, en tillagna frá nefndinni er að vænta fyrir næstu áramót. Aðilar viljayfirlýsingarinnar telja eðlilegt að samningur Þingeyjarsveitar við Þeistareyki ehf., verði tekin til endurskoðunar í ljós tillagna er frá nefndinni koma.

Loftslagsmál

Verið getur að sú atvinnuuppbygging sem stefnt er að með gerð þessarar viljayfirlýsingar, hafi í för með sér töluverða losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin mun upplýsa aðila um gang samningaviðræðna um loftslagsmál, m.a. við ESB, og skuldbindingar Íslands varðandi útblástur gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Stefnt verður að því að sömu reglur gildi um losun allra stóriðjufyrirtækja.

Ívilnanir

Á vegum ríkisstjórnarinnar er unnið að gerð rammalöggjafar um ívilnanir vegna erlendra fjárfestingar. Verði slík löggjöf ekki til staðar þegar ákvarðanir verða teknar um fjárfestingar á grundvelli þessarar yfirlýsingar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að þau verkefni sem ráðist verður í á svæðinu fái samsvarandi ívilnanir og önnur stór fjárfestingarverkefni hafa fengið með tilliti til skattamála ofl.

Innviðir

Hugað verði að uppbyggingu innviða á svæðinu m.t.t. þeirrar atvinnuuppbyggingar sem ákveðin verður. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að í framkvæmdaáætlunum ríkisins verði gert ráð fyrir nauðsynlegri uppbyggingu innviða svo þeir þættir verði til reiðu þegar framkvæmdir krefjast.

Gildistími o.fl

Aðilar eru sammála um að hraða vinnu við öll ofangreind atriði. Verkefnisstjórnin skal að jafnaði funda á sex vikna fresti til að fylgja eftir þeim verkefnum sem unnið skal að samkvæmt viljayfirlýsingu þessari.

Staða málsins verður metin sérstaklega í framhaldi af fyrstu athugun á mögulegum samstarfsaðilum sem á að vera lokið fyrir 1. apríl 2010, og aftur þann 1. október 2010, þegar allri undirbúningsvinnu vegna frekari samninga á að vera lokið.

Viljayfirlýsingin gildir til 1. mars 2011, þegar samningur við stóran orkukaupanda / orkukaupendur um uppbyggingu á svæðinu á að liggja fyrir.

Viljayfirlýsing þessi mun taka gildi um leið og sveitarstjórnir Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samþykkja hana með formlegum hætti í sveitarstjórn.

F.h. Ríkisstjórnar Íslands.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra

F.h. Norðurþings.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri

F.h. Skútustaðahrepps.

Guðrún María Valgeirsdóttir, sveitarstjóri

F.h. Þingeyjarsveitar.

Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri